



Skýrsla sveitarstjóra Sveitarstjórnarfundur -11. apríl 2017-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

Ársreikningur 2016

Þessa daganna er verið að vinna að gerð ársreiknings í samstarfi við KPMG og er stefnt að því að leggja hann fram á maí fundi sveitarstjórnar.

Heimasíða

Vinna við nýja heimasíðu er í gangi og er verið að flytja efni á milli síðna og setja inn nýtt. Stefnt er að því að hún fari í gagnid í lok maí.

Ljósleiðari

Lagning ljósleiðara í dreifbýli Blönduósbæjar er lokið. Lokið er uppgjóri vegna vinnu við ljósleiðara Blönduósbæjar í dreifbýli á síðasta ári og uppgjóri á milli aðila en verkið var unnið að hluta til í samstarfi Húnanets og Mílu. Fjarskiptasjóður hefur samþykkt að greiða okkur lokagreiðslu í þessari viku. Á næstunni verður undirbúið útboð á að selja ljósleiðarakerfið.

Íþróttamiðstöðin

Lokið er vinnu við viðhald í Íþróttamiðstöðinni en verið var að endurflísaleggja bakka vaðlaugarinnar. Þá var kvennaklefinn einnig málaður. Skoðað hefur verið að koma hleðslustöðinni fyrir rafmagnsbíla sem Orkusalan gaf okkur upp við gafi Íþróttahússins. Er það einföld aðgerð þar sem við frágang lóðarinnar voru sett rör inní kjallara sundlaugarinnar úr brunni við húsgaflinn. Með þessari tengingu værum við að setja okkur enn grænni markmið en ekki má gleyma því að við byggingu sundlaugarinnarinnar var ákveðið að nota ekki hefðbundið klórkerfi til



sóttþreinsunnar og fórum í eigin framleiðslu úr salti á klórgasi og rekum þar með eitt umhverfisvænasta sundlaugarmannvirki á Íslandi sem hefur hlotið verðskuldaða athygli.

Sumarstörf í Vinnuskólanum

Sumarstörf í Vinnuskóla og áhaldahúsi hafa verið auglýst og hafa einhverjar umsóknir borist. Þó verðum við mjög vör við samkeppni um þá einstaklinga sem eru á vinnumarkaði og geta börnin þau því valið úr ýmsum störfum. Gert er ráð fyrir að starfsseminn verði með hefðbundnum hætti en það ræðst þó af því hvort nægar umsóknir berist.

Fasteignir á svæðinu

Framkvæmdir eru við lagfæringa og breytingar á hótél Blönduósi og einnig eru nýir eigendur Retró, Blöndubýggð 9 að vinna að úrbótum hjá sér. Þá hefur Aðalgata 8 verið seld til nýrra eigenda sem ætla að nýta það í ferðaþjónustu. Mikil og lífleg sala hefur verið á fasteignum á Blönduósi síðustu vikur og hafa margar eignir verið seldar. Er það afar jákvætt að mikill áhugi sé fyrir eigum hér og eru nokkrir aðilar að leita að húsum. Þá er að ljúka breytingum á pósthúsinu og er stefnt að því að starfsseminn flyti aftur það inn um miðjan maí. Einnig eru miklar framkvæmdir við veiðihúsið Ásgarð við Laxá á Ásum en þar er verið að tvöfalda stærð hússins.